

**Fundargerð samstarfsnefndar  
Þroskaþjálfafélags Íslands  
og  
Reykjavíkurborgar**

Fundur samstarfsnefndar Þroskaþjálfafélags Íslands og Reykjavíkurborgar var haldinn föstudaginn 10. janúar 2025 og hófst kl. 11:45.

Fundinn sátu: Laufey Gissuradóttir og Anna Lilja Magnúsdóttir, f.h. Þroskaþjálfafélags Íslands. Kolbeinn Guðmundsson, Einar Geir Þorsteinsson og Íris Jóhannsdóttir, f.h. Reykjavíkurborgar.

**1. Fastar greiðslur til starfsfólks leikskóla og dagvinnustarfsfólks í vinnu- og virknimiðaðri stoðþjónustu**

Fulltrúar Reykjavíkurborgar kynntu að fastar greiðslur til starfsfólks leikskóla á grundvelli gr. 1.1.3. í kjarasamningi aðila, skv. ákvörðun skóla- og frístundasviðs, verða með eftirfarandi hlutfallshækkunum, 3,25% þann 1. apríl 2024, 3,5% 1. apríl 2025, 3,5% 1. apríl 2026 og 3,5% 1. apríl 2027, til eftirtalinna starfa félagsmanna Þroskaþjálfafélags Íslands;

**Önnur laun**

Starfsheiti	1.4.2024	1.4.2025	1.4.2026	1.4.2027
Þroskaþjálfari	49.215	50.692	52.466	54.302
Yfirþroskaþjálfari	53.122	54.981	56.906	58.897

Jafnframt kynntu fulltrúar Reykjavíkurborgar að fastar greiðslur til dagvinnustarfsfólks í vinnu- og virknimiðaðri stoðþjónustu (bein þjónusta) á grundvelli gr. 1.1.3 í kjarasamningi aðila, skv. ákvörðun velferðarsviðs, verða með eftirfarandi hlutfallshækkunum, 3,25% þann 1. apríl 2024, 3,5% 1. apríl 2025, 3,5% 1. apríl 2026 og 3,5% 1. apríl 2027 til eftirtalinna starfa félagsmanna Þroskaþjálfafélags Íslands;

Starfsfólk í vinnu- og virknimiðaðri stoðþjónustu				
	1.4.2024	1.4.2025	1.4.2026	1.4.2027
Þroskaþjálfari/málefni fatlaðra	57.900	59.926	62.023	64.194